liðfár [lıð·fau·r] a. som mangler Tropper el. (Arbejds)Folk: (om en Politiker) hann var nú orðinn l., hans Parti var svundet stærkt ind.

°lýð flokkur [lið·flohgoǫ] m. Kaste (Odds. II. 2, 109). -frekja [-frɛ·ɟa, -frɛ·ɟ̊a] f. Pøbelens Töjlesløshed. -frelsi [-frɛlsı] n. Folkefrihed. °-fræðingur (-s, -ar) [-frai·ðiŋgoǫ] m. Sofist (ÁBj19.öld 119).

lið fús [lıð·fu·s] a. hjælpsom. -fæð [-fai·ð] f. Mangel paa Folk, Mangel paa Tropper. -fær [-fai·r] a. 1. (fær til bardaga) kampdygtig. — 2. (fær um að hjálpa) i Stand til at yde Hjælp. — 3. (liðtækur) som kan optages: [illegible]

°lið fætingar [lıð·fai·diŋgaǫ, -fai·t-] mpl. (zool.) Leddyr (arthropoda). -fætla [-faihdla] f. (bot.) [illegible] Woodsie (Woodsia ilvensis).

lið geymandi [lıð·... mandı] m. Person, som ulovlig skjuler sopligtige Personer (Alþ. '15, 133). -gengi [illegible] n. Tjænstdygtighed. -gengur [-ɟɛiŋgoǫ] a. 1. som kan antages til Tjæneste; (í her) tjænstdygtig; liðgengir á leikmót (berettiget til Deltagelse i et Idrætsstævne) eru þeir einir, er verið hafa í félaginu mánuð eða lengur (Íþrí.). — 2. nyttig: [illegible] á þingi (Alþ. '11, B. II. 1462). -góður [illegible] a. 1. (liðfús) hjælpsom. — †2. (hraustur, harðfengur) tapper.

lýðháskóli [li:þ(h)ausgo·ʊlı] m. Folkehöjskole.

†lið henda [lı:þ(h)ɛnda] f., †-hending [-(h)ɛndiŋk] f. (metr.) Navn paa et Versemaal, hvori Halvstrofens anden og fjerde Linje begynder og ender med en Assonans, der danner en skothending med Assonansen i foregaaende Linje. †-hendur [-(h)ɛndoǫ] a. affattet i liðhending.

lýð hylli [li:þ(h)ıdlı] f. indec. Folkevenlighed, Folkegunst, Popularitet. -hyllisfýsn [-(h)ıdlısfis·v] f. Popularitetsjageri.

1. liðhlaup [lıð·hʎöy·p] n. (med.) Forvridning (luxatio).

2. lið hlaup [lı:ð·h... p] n. Bortløben, Römning, Deserteren (fra en Hær). -hlaupi (-a, -ar) [-hʎöy·bı, -hʎöy·pı] m. Desertør.

liðhnútur [illegible] m. (anat.) processus condyloideus (JHallHB.).

lýð hollur [li:þ(h)odloǫ] a. folkevenlig, demokratisk; populær. -hreyfing [lið·hǫɛi·viŋk] f. Folkebevægelse.

Liði (-a, -ar) [lı:ðı] m. npr. (Vf.) Dim. af Hafliði.

liði (-a, -ar) [lı:ðı] m. (flokksmaður) Partifælle (Ing. '11, 158); — pl. liðar, Partifæller, Fæller, Mænd: fjandinn og hans liðar.

liðilangur [lı:ðılauŋ·goǫ] a. (II. II. 185) = liðlangur.

liðilegur [li:ðılɛ·qoǫ] a. ondskabsfuld, nederdrægtig.

liðinn [lı:ðın] pp. af líða.

liðka (a) [lıþ·ga, lıð·ka] vt. a. göre smidig: jeg ætla að fara út og l. mig dálítið, jeg vil gaa ud og röre Benene lidt; l. til, ds.; — refl. liðkast, blive mere smidig. — b. overf.: l. e-n, smöre en, stemme en forsonligere (ved Gaver el. lign.): l. e-ð fyrir e-n, hjælpe en til at faa n-t igennem ved at tale hans Sag.

liðkórall [lıð·ko·ʊradʎ] m. Ledkoral (Isis).

lið kostur [lıð·kosdoǫ] m. Hær, Tropper: góður, lítill, mikill l. -langur [illegible] liðlangan daginn, hele den udslagne Dag. -laus [-löys] a. 1. (án liðs) uden Folk; uden Mandskab (GFrÁtt. 39). 2. (gagnslaus) unyttig. -legur [-lɛqoǫ] a. 1. a. flink: eg veit þó, að póststjórnin hefir verið liðleg í þeim sökum (Alþ. '11, B. II. 2065). — b. (lipur) behændig, smidig (baade egl. og overf.). — c. imodekommende: [illegible] — 2. adv. -lega: a. (lipurlega) paa en flink, behændig, smidig Maade: [illegible] b. [illegible] liðlegra er að koma á sættum en ella (Alþ. '11, B. 569). — c. smukt, passende: það er kannske liðlegra (mere passende) að hafa prest til að skíra og jarðsyngja (Eimr. VII. 177); ganga liðlega til fara, (ordentlig klædt) (Eimr. VII. 166). — d. imødekommende: Framsögum. tók liðlega [illegible] — e. [illegible] med Tal: lidt over: l. fimtugur, lidt over de halvtreds. -leysi (-is) [-lɛisı] n. 1. (skortur á herliði) Mangel paa Tropper. — 2. (skortur á verkafólki) Mangel paa Hjælp, is. til Arbejde. — 3. (gagnsleysi) Unyttighed.

lýð lenda [lið·lɛnda] f. Koloni, Biland, Lydland. -lendingar [-lɛnd-iŋgaǫ] mpl. Indbyggerne af en Koloni.

lið leskja (-u, -ur) [lıð·lɛsɟa] f. dorsk Person, som ikke gör nogen Nytte, Døgenigt. -ljettingur [-ljɛhdiŋgoǫ] m. lidet arbejdsdygtigt Menneske: Krakkar og liðléttingar söfnuðust þangað líka (JTrL. 28). -ljettur [-ljɛhdoǫ] a. mindre arbejdsdygtig, som ikke gör megen Gavn, ikke er til megen Nytte. -læknir [-laihgnıǫ] m. Feltlæge.

lýð maður [illegible] m. 1. [illegible] Almuesmand. — 2. [illegible] -mál [illegible] n. Almuesprog. -málsmaður [illegible] m. Maalstræver.

lið mannlegur [lıð·manlɛ·qoǫ] a. kraftig og smidig af Udseende. -margur [-margoǫ] a. 1. (með mikinn her) med mange Tropper. — 2. (með marga áhangendur, mikinn flokk) som har mange Hjælpere el. følges af et stort Parti. — 3. som har mange Arbejdsfolk i sin Tjæneste.

lýð ment, -mentun [lið·mɛvt, -mɛvdøn, ment(øn)] f. Folkeoplysning. -mentasamkoma [-mɛvdasam·koma, -ment-] f. folkeoplysende Møde.

liðmjúkur [lıð·mju·goǫ, -mju·koǫ] a. smidig, med böjelige Ledemod.

lýðmót [lið·mo·ʊt] n. Folkemøde, Folkeforsamling.

liðna (-u, -ur) [lıð·na] f. (bot.) = hálmgresi.

liðónýtur [lı:ðo·ʊnidoǫ, -nitoǫ] a. som ikke duer noget; ganske ubrugelig.

liðormur [lı:ðormoǫ] m. Ledorm; — pl. liðormar, Ledorme (annulata).

liðra (-u) [lıð·ra] f. 1. grøft, höjt Græs (ÓDav.). — 2. = luðra.

°lið reiða [lıð·rɛi·ða] f. Lægd, Udskrivningskres (JsJs.). °-reiðslumál [-rɛiðslomau:l] npl. Udskrivningsvæsen (JsJs.). °-reiðuskrá [-rɛiðøsgrau:] f. Lægdrulle (JsJs.). °-reiðustjóri [-rɛiðøsdjo·ʊrı] m. Lægdsforstander (JsJs.).

lýðríki [lið·ri·ɟı, -ri·ɟ̊ı] n. 1. = lýðveldi. — 2. Kanton (i Svejts).

liðrækur [lıð·rai·gøǫ, -rai·koǫ] a. 1. som vises ud af Partiet (el. lign.): gera e-n liðrækan, vise en bort (af et Parti el. lign.). — 2. (rækur úr her) som vises bort fra Hæren.

liðsafli [lıð·sablı] m. 1. (mannafli) Styrke. — 2. (herafli) Troppestyrke.

°lið safnaðarmaður [lıð·sabnaðarma:ðoǫ] m. Hværver. -safnaður [-sabnaðoǫ] m. Samling af Tropper; Rekrutering (ogs. af et Parti): dreifa liðsafnaði, opløse en Hær; hafa liðsöfnuð, rejse en Hær; samle Folk til et Parti. -safnari [-sabnarı] m. Hværver. -samur [-samoǫ] a. hjælpsom.

liðsdráttur [lıð·sdrauhdoǫ] m. = liðsafnaður.

lið semd (-ar, -ir) [lıð·sɛmt] f., -semi [-sɛmı] f. indec. Villighed til at hjælpe, Hjælp: ljá e-m liðsemd, hjælpe en.

liðsflokkur [lıð·sflohgoǫ] m. a. Flok, Skare Soldater; Detachement. — b. Bataillon.

lið sinna [lıð·sın·a] vt. med dat. hjælpe, yde Bistand, understøtte. -sinnaður [-sın·aðoǫ] a.: l. e-m, som yder en Hjælp, som staar paa ens Parti. -sinnandi [-sın·andı] m. Hjælper. -sinni [-sın·ı] n., -sinning (-ar) [-sın·iŋk] f. Understøttelse, Hjælp, Bistand: leita liðsinnis e-s, søge ens Hjælp. -sinnisskylda [-sınısɟıl·da] f. Understøttelsespligt.

liðsyrði [lıð·sırðı] n. støttende Ord: leggja e-m l., lægge et godt Ord ind for en.

lýðska (-u, -ur) [lis·ga, lið·sga] f. 1. Lands Skik og Brug: tískur og lenskur og lýðskur. — 2. (fremmed) Accent, Tonefald: þessi litla lýzka í rómnum: | líkt og tungan mælti úti á þekju (StGSt. i Skírn. '15, 244).

lýðskemtun [lið·sɟɛmdøn, -sɟɛmtøn] f. Folkeforlystelse.

lið skiftingur [lıð·sɟıfdiŋgoǫ] m. Person, som skifter Parti, Overløber, Vendekaabe. -skylda [-sɟılda] f. Værnepligt.

1. lýð skylda [lið·sɟılda] f. undersaatlig Pligt; Underdanighed. 2. -skylda [-sɟılda] vt. forpligte, være bindende for.

liðskyldur [lıð·sɟıldoǫ] a. værnepligtig.

lýð skyldur [lið·sɟıldoǫ] a. undergiven, underdanig. -skjalari [-sɟa·ları] m. = lýðskrumari. -skóli [-sgo·ʊlı] m. Folkehöjskole.

liðskortur [lıð·sgoǫdoǫ] m. (skortur manna) Mangel paa Folk; (skortur hjálpenda) Mangel paa Hjælpere.

liðskostur [lıð·skosdoǫ] m. = liðsafli.

°lið skrá [lıð·sgrau·] f. (hers) Rulle (en Hærs). °-skrárhaldari [-sgrauǫ(h)al·darı] m. Rulleførег (JsJs.).

liðskrókur [lıð·skro·ʊgoǫ, -kro·ʊkoǫ] m. vældig Omvej (Árn.).

lýðskrumari [lið·sgrʏ·marı] m. Demagog, Folkeforfører.

liðs könnun [lıð·skön·øn] f. Mønstring af Tropper (et Parti, en Skare osv.). -könnunarför [-könønaǫfö:r] f. Rejse for at mønstre (Partiet el. Hæren el. desl.). -maður [-ma·ðoǫ] m. 1. (hermaður) Soldat, Kriger. — 2. (flokksmaður) Partifælle.

lið smalabrögð [lıð·smalabröǫð, -broǫþ] npl. Hværverkneb (JsJs.). -smali [-sma·lı] m. Hværver (JsJs.).

°liðsmanna brauð [lıð·smanabröy·ð] n. Soldaterbrød, Kommisbrød. -taska [-tas·ga] f. Tornyster. °-vist [-vıs·t] f. Standkvarter (JsJs.).

lið menska (-u) [lıð·smɛnsga] f. Krigstjæneste, Tjæneste. -menskufrjáls [-mɛnsgofrjaul·s] a. tjænestefri. -munur [-mʏ·noǫ] m. 1. (mismunur á liðstyrku) Forskel paa Tropper. — 2. (yfirburðir að mannfjölda eða afli, aflsmunur) Overmagt, Overlegenhed i Antal el. Styrke.

lið smölun [lıð·smö·løn] f. Hværvning. -sneiddur [-sneid·oǫ] a. se alhendingavíxlur.

lýðsnápur [lið·snau·boǫ, -snau·poǫ] m. = lýðskrumari.

liðs oddur [lıð·sod·oǫ] m. a. Spidsen for en Trop. — b. den forreste: En ... seg mér ... af mínum göfuga syni, hvort hann fór í leiðánguirinn, til að vera þar l., eða ekki (Od. 240). -orð [-orð] n. = liðsyrði. -prestur [-presdoǫ] m. Feltpræst. -tegund [-tɛ·qont] f. Vaabenart.

liðsterkur [lıð·sdɛǫgoǫ] a. mandstærk.

lýðstjóri [lið·sdjo·ʊrı] m. Folkestyrer.

liðstjórn [lıð·sdjo·ʊ(r)dv] f. Anførsel, Ledelse, Kommando.

lýð stjórn [lið·sdjo·ʊ(r)dv] f. demokratisk Regeringsform. -togi (-a, -ar) [-toi·ɟı, -to·qa(ǫ)] m. Folkefører.

liðtækur [lıð·tai·goǫ, -tai·koǫ] a. 1. a. som kan optages [illegible] í félag, [illegible] l. í her, værnedygtig. — b. m. H. t. legemlige Kræfter, fuldkraftig: og máttu ekki heita l., komir þú honum ekki á þrep (JThMk. 281). — 2. dygtig, flink: [illegible] liðtækir þér eruð að búsforum í fjarveru minni (HermJDr. 64).

liðug leiki, -leikur [lı·ðoqlɛi·ɟı, -lɛi·ɟ̊ı, -lɛi·goǫ, -lɛi·koǫ] m. a. (lipurleiki) Smidighed: l. líkamans. — b. (i Digtning) rytmisk Lethed: l. í skáldskap.

liðugur [lɪ:ðʏɣʏr] a. 1. *(fimur)* smidig, bøjelig: *l. fingur; l. í öllum hreyfingum.* — 2. om Sproget: smidig, let, hurtig, behændig, rytmisk, velklingende: *tala liðugt,* tale flydende; *l. um mál,* som har let ved at tale, som har gode Talegaver; *á liðugri íslensku,* paa flydende Islandsk; *mjúkt og liðugt mál,* blødt og smidigt Sprog; *e-m er liðugt um e-ð,* en har let ved n-t. — 3. fri, uhindret: *laus og l.,* fri og frank, sin egen Herre; *gefið mér liðugann gang* (Esp. III. 121). — 4. (om Vind) gunstig, som tilsteder en uhindret Bevægelse af Skibet henimod det bestemte Maal; *halda sem liðugast* (SIng. I. 248); *sigla liðugt,* sejle rumskøds.

liðum [lɪ:ðʏm] 1. p. pl. imp. ind. og conj. af **líða.**

líðun (-ar, -anir) [li:ðʏn, -anɪr] f. 1. *(heilsufar)* Befindende, Tilstand. — 2. *(umlíðun)* Respit, Henstand.

liður (-s og **-ar, -ir)** [lɪ:ðʏr] m. I. 1. Led, Ledemod: *fara úr liði,* gaa af Led; *kippa í lið(inn),* sætte i Led, (overf.) bringe i Orden; *Á ofanverðri 18. öld fer verzlegum saung svolítið að kippa í liðinn* (komme i Orden) (ÓDavSk. 243); *geta hvorki hrært legg nje lið,* ikke kunne røre et Lem; (Ordspr.) *sjaldan hittir leiður í lið,* se *lið.* — 2. a. Krumning, Böjning: *l. á nefi,* Knude paa Næsen; *l. (á grasi),* Knæ (paa Græsstraa). — b. Krølle, Haarkrølle: *nær glóbjartur á hár, sem er með liðum að neðan* (JÁÞj. II. 244); *l. á færi,* Kurre paa en Medesnor. — 3. Slægtled, Led, jfr. *ættliður: samkvæmt þjóðtrúnni eiga að vera til draugar, sem fylgja vissum ættum í marga liði* (forfølger bestemte Slægter i flere Led). — II. †1. *(limur)* Lem; spec. *(kynfæri)* Könsdel, Skamdel, jfr. *lostaliður.* — 2. overf.: *(meðlimur)* Medlem. — III. 1. Led, Punkt, Post (f. Eks. i Regnskab el. lign.). — 2. (mat.) Led: *fyrsti l. í þríliðu,* det förste Led i Reguladetri.

lýður (-s, -ir) [li:ðʏr] m. 1. *(þjóð, menn)* Folk: *land og l.,* Land og Folk; *allur l.,* alle; (Ordspr.) *l. mun yfir lýð stíga* (GJ.), der er höj over höj. — 2. a. *(alþýða)* Almue. — b. *(skríll)* Pøbel. — 3. i Udtr.: *við lýði,* ved lige, endnu bestaaende: *vera enn við lýði,* eksistere endnu; *það hefur lengi haldist við lýði,* det har længe holdt sig (hos Folk), holdt sig ved lige.

lýðvald [lið·valt] n. Demokrati.

lýðvalds legur [lið·val(t)slɛ·ɣʏr] a. demokratisk. **-maður** [-ma:ðʏr] m. Demokrat. **-stjórn** [-sdjoʊrdn] f. = **lýðstjórn.** **-vinur** [-vɪ:nʏr] m. Demokrat.

1. **lið vana** [lɪð·va·na] a. indec., **-vani** [-va·nɪ] a. som mangler Hjælp el. Tropper.

2. **liðvana** [lɪð·va·na] a. indec. (metr.) som mangler en Rimstavelse.

lið vaskur [lɪð·vasgʏr] a. flink, tjænstdygtig. **-veisla** [-veisla] f. Hjælp, Understøttelse; Undsætning. **-veittur** [-veihdʏr] a.: *vera e-m l.,* være en hjælpsom, behjælpelig.

lýð veldi [lið·vɛldɪ] n. 1. *(yfirráð lýðs)* Demokrati. — 2. *(þjóðveldi)* Republik. **-veldismaður** [-vɛldɪsma:ðʏr] m. Republikaner.

lið vikni [lɪð·vɪhgnɪ] f. indec. Tjæneste. **-virkur** [-vɪrgʏr] a. *(— lagvirkur)* dygtig og behændig, flink, dreven. ° **-þjálfi (-a, -ar)** [-þjaulvɪ, lɪþ·jaulvɪ] m. a. Sergent (JsJs.). — b. Korporal. **-þrota** [-þro·da, -þro·ta] a. indec. hvis Hjælpekilder er udtömte. **-þurfi** [-þʏrvɪ, lɪþ·ʏrvɪ] a. som behøver Hjælp: *hann var mjög l.* **-þurft** [-þʏr(f)t] f. Trang til Hjælp.

lýðæsinn [li:ðai·sɪn] a. demagogisk.

lyf (-s, pl. ds., gen. pl. **lyfja)** [lɪ:v] n. 1. Lægemiddel; jfr. *lækníslyf.* — 2. i pl. *(kæsir)* Løbe (NI., SI.).

líf (-s, pl. ds.) [li:v] n. I. 1. a. Liv: (Ordspr.) *lífið er stutt, en listin löng* (GJ.), Livet er kort, men Kunsten lang; *á lífi,* i Live: *taka e-n af lífi,* dræbe en, lade en henrette, berøve en Livet; *gefa e-m l.,* skaane ens Liv; *kvennfólkinu, sem þyrpist þangað, eins og það eigi lífið að leysa* (som om det gjaldt Livet) (Eimr. VI. 190); *mjer liggur* (el. *ríður*) *lífið á, að* ..., det er mig yderst magtpaaliggende, at ...; *urðu þar ekki lífs varir,* blev intet var (spec. om Fiskere) (JÁÞj. I. 206); *elska e-n út af lífinu,* elske en over alle Maader; *það vildi mjer til lífs,* det reddede mit Liv. — b. som Kæleord: *hjartans lífið mitt góða,* min Hjærtens elskede (JHall. 300). — 2. gen. *lífs:* a. i Live: *lífs eða liðinn,* død el. levende. — b. gen. *lífs* og *lífsins* bruges adverbielt i forstærkende Bet. foran Adjektiver: *lífs-feginn,* sjæleglad osv.: *lífs-ómögulegt, lífsins ómögulegt,* aldeles umuligt. — 3. *(líferni)* Levned, Opførsel: *einfalt l., hreint l.* osv. — 4. *(æfi)* Tilværelse: *þetta er ekkert l.,* det er en ussel Tilværelse; jfr. *hundalíf.* — II. 1. Legeme: *vera lífið og sálin í e-u,* være Sjælen i n-t; *til lífs og sálar,* paa Sjæl og Legeme; *af lífs og sálar kröftum,* af alle Livsens Kræfter. — ?2. *(mitti)* Liv (Midje). — 3. Underliv, spec. Mave: *e-m er ilt í lífinu,* en har Mavepine; jfr. *lífsýki.*

lifa (ði, sup. **lifað)** [lɪ:va, lɪv·ðɪ, lɪb·ðɪ] vi. og vt.

A. være tilbage: 1. (is. om Tiden): *þegar skamt lifði nætur,* da der kun var lidt tilbage af Natten (JThMk. 351); *var hann ... spurður, hversu langt væri eptir nætur, og kvað hann enn l. sjöttúng* (JÁÞj. I. 124). — 2. leve, holde sig: *það lifir enn á vörum manna,* det lever endnu paa Folkets Læber.

B. I. 1. leve: *l. mörg ár, l. í mörg ár,* leve (i) mange Aar; *l. og deyja,* leve og dø; *meðan hann lifði,* medens (saalænge) han levede; *hann lifi!* han leve! han længe leve!; *l. lengi (skamt, stutt),* leve længe (kort); (Ordspr.) *þeir l. lengst, sem með orðum eru vegnir,* de, som dræbes med Ord, lever længst; *menn vilja lengi lifa, en þó ei eldast* (GJ.), alle vil længe leve, men ingen vil gammel hedde; *ef jeg lifi* (el. *ef guð lofar mjer að lifa),* om jeg lever (til den Tid): *jeg verð þrítugur í vor, ef jeg lifi.* — 2. om Livsvirksomheden: leve, virke og modtage som Livsindtryk: *l. mikið,* leve meget, leve et rigt Liv: *margopt tvítugur | meira hefur lifað | svefnugum segg, | er sjötugur hjarði* (JHall. 119). — 3. *l. e-ð,* opleve n-t: *hann lifði stjórnarbyltinguna; — lifa e-ð af,* overleve n-t; *l. e-n,* overleve en: *það hjóna, sem eptir lifir,* den længstlevende Ægtefælle (Stj. '78, A. 12). — 4. om Livsmaaden og Livsførelsen: *l. á e-u,* leve af n-t; *l. á siníkjum,* tiltigge sig Maden, *l. við sult og seyru,* leve i Nød og Elendighed; *l. við e-ð,* leve af n-t; leve under visse Omstændigheder; *l. embættislaus,* leve uden Embede; privatisere; *l. lífi sínu,* leve sit Liv, henleve; *l. góðu lífi,* have det godt, trives; *l. grandvöru líferni,* leve, føre et rent og uplettet Liv; *l. e-u* (el. *l. fyrir e-ð),* leve for n-t, hellige sig n-t: *Annars lifði Sófokles þvínær eingöngu skáldskapnum* (ÁBjH. 133); *lifðu vel!* lev vel!; *l. eftir* (el. *samkvæmt) e-u,* leve i Overensstemmelse med n-t: *það er ekki nóg að læra heilbrigðisreglur, menn verða líka að lifa eftir þeim.* — 5. om Ild: *eldurinn lifir,* Ilden brænder; *það lifir undir pottinum,* der er Ild under Gryden: *lifir í ofninum,* det brænder (der er Ild) i Ovnen. — 6. (naut.) *seglið lifir,* Sejlet begynder at fange Vind (Vestm.). — II. ppr. *lifandi:* 1. levende: (Ordspr.) *ekki et jeg þann, sem lifandi gengur,* levende Kræ kan ikke spises (SchMál.); *í lifanda lífi,* i levende Live; *að mjer heilum og lifandi,* hvis jeg lever og er rask; *eins og* (el. *sem) jeg er lifandi (maður),* saa sandt jeg lever, paa min Ære: *En svo sem eg er lifandi, þá er brennivín hér í tóftinni* (GFrE. 77). — 2. overf. a. *lifandi eftirmynd e-s,* ens udtrykte Billede: *hún er lifandi eftirmynd móður sinnar; — lifandi mál,* levende Sprog; *lifandi skömm,* en blodig Skam: (Ordspr.) *lengi ber dauður lifandi skömm* (GJ.), længe bærer død Mand blodig Skam. — b. *(fjörugur)* livlig: *Hann var lifandi, spaugsamur og mjúkmáll* (ÞGjOs. 58—59). — c. virksom: *en þó eru nú óvíða lifandi brennisteinshverir* (ÞThLýs. II. 26). — d. brugt forstærkende: *maður lifandi, maður guðs og lifandi!,* se *maður; — þarna ertu lifandi (til) kominn!* det var dig op ad Dage! hvor det dog ligner dig! (siges is. bebrejdende, naar en har gjort n-t, som man finder uhyrligt); *gera e-ð lifandi feginn,* være himmelglad ved at göre n-t; *lifandi gott,* aldeles udmærket; *fyrir lifandi löngu,* for en Evighed siden; *Tenórinn geingur upp úr öllu lifandi lagi* (gaar ud over alle rimelige Grænser) (ÓDavSk. 256); *ekki með nokkru lifandi móti,* ikke paa nogen mulig Maade (KambDul. 21); *lifandi ósköp,* forfærdelig meget: *Hann drekkur þau lifandi ósköp!* (JTrHeið. IV. 15); *Mikil lifandi ósköp — já, eg held nú það!* Død og Pine — ja, det er ganske sikkert (EKvYhl. 30); *lifandis ósköp = lifandi ósköp,* som adv: *hann er lifandi(s) ósköp ljótur* (aldeles gyselig grim). — 3. om Ild: brændende, som ikke er gaaet ud: *það er lifandi í ofninum,* jfr. I. 5.

lifaður [lɪ:vaðʏr] a. *[illegible]*

lífakkeri [li:vahkɛrɪ] n. 1. (naut.) Pligtanker. — 2. overf. eneste Redning: *þetta er nú lífakkerið mitt.*

lifandi (-a, -endur) [lɪ:vandɪ, lɪ:vɛndʏr] m. levende, den, som lever: *lifendur og dauðir; — á landi lifenda,* i Himmerige.

líf bein [liv·bei·n] n. Skamben, Isben. **-belti** [-bɛʎdɪ] n. Redningsbælte. **-bindi** [-bɪndɪ] n. Livbind, Underlivsbandage. **-dagar** [-da·ɣar] mpl. Liv, Livstid: *ganga í endurnýjungu lífdaganna,* begynde et nyt Liv; *stytta lífdagana,* forkorte Levetiden, tage sig af Dage, begaa Selvmord (EiÓlLf. 19). **-dögg** [-dök] f. Livdug, vederkvægende Dug. **-eðlisfræði** [li:vɛðlɪsfrai:ðɪ] f. indec. Fysiologi. **-eðlisfræðingur** [-ɛðlɪsfrai:ðiŋɣʏr] m. Fysiolog. **-efldur** [-ɛvldʏr, -ɛlvdʏr] a. kraftig: *líkari vóru þær lífefldum, blóðrjóðum nellikum en fingerðum fegurðarrósum* (And. II. 294). **-efnasamband** [-ɛbnasam·bant] n. organisk Forbindelse (3. Ið. IV. 304). **-efni** [-ɛbnɪ] n. organisk Stof. **-eyrir** [-ei·rɪr] m. 1. *(í lífsábyrgðarfjelagi)* Livrente, Overlevelsesrente; *geymdur l.,* opsat Livrente. — 2. a. *(konungs)* Statsydelse, Civilliste. — b. *(l. konungsfrænda)* Aarpenge, Apanage. — ° 3. Aftægt: *veita e-m embætti til lífeyris,* aflægge en med et Embede (JsJs.). ° **-eyrismaður** [-eirɪsma:ðʏr] m. Aftægtsmand (JsJs.). **-eyrissjóður** [-eirɪsjoʊ:ðʏr] m. Livrenteanstalt. **-erni (-is)** [-ɛ(r)dnɪ] n. Liv, Levemaade. **-ernisháttur** [-ɛ(r)dnɪs(h)auhdʏr] m. Levemaade, Levned. **-fje** [lif·jɛ·] n. Livrente, Overlevelsesrente. **-flótta** [-f·loʊhda] a. indec. som flygter Livet, livssky: *mátti heita að siðfræðin væri með öllu l.* (ÁBj19.öld 332). **-fræði** [-f·rai·ðɪ] f. indec. Biologi. **-fræðingur (-s, -ar)** [-f·rai·ðiŋɣʏr] m. Biolog.

lyffæða [lɪf:ai·ða] f. medicinske Fødemidler.

líffær [lif:ai·r] a. vital.

líffæra fræði [lif:airafrai:ðɪ] f. indec. Anatomi. **-gerð** [-ɟɛr·ð] f. *l. dýra,* Dyrenes Organisme. **-meinfræði** [-mein·fraiðɪ] f. indec. patologisk Anatomi. **-skynja (-u)** [-sɟɪn·ja] f. organisk Fornemmelse. **-störf** [-sdör·v] npl. organiske Funktioner.

líf færi [lif:ai·rɪ] n. Livsredskab, Organ. **-færilegur** [-f:airɪlɛ:ɣʏr] a. organisk. **-færismynd** [-f:airɪsmɪn·t] f. organisk Form.

lífga (a) [liv·ga] vt. 1. (om druknede og ihjelfrosne) kalde til Live, genoplive: *maðurinn varð lífgaður.* — 2. a. *(fjörga)* oplive, göre livligere: *l. e-n með fjörugu samtali, l. e-n á víni.* — b. *l. eldinn,* ¹) faa Ilden til at brænde stærkere; ²) faa Ilden, der om Morgenen ulmer under Asken paa Ildstedet, til at blusse op, tænde op. — refl. *lífgast,* blive livligere; blusse op.

líf geisli [liv·ɟeislɪ] m. oplivende Straale. **-gjafari** [-ɟa·varɪ] m. **-gjafi (-a, -ar)** [-ɟav·ɪ] m. Person, som skænker en Livet, Frelser, Redningsmand. **-gjöf** [-ɟö·v] f. 1. *(björgun lífs)* Redning af ens Liv, Gengivelse til Livet. — 2. *(náðun)* Benaadning af en dødsdömt.

lyfgras [lɪv·gra·s] n. helbredende Urt.

lífgras [liv·gra·s] n. kraftig Urt, kraftig Foderurt (LFR. VI. 28).

lífgun (-ar, -anir) [liv·gʏn, -anɪr] f. Genoplivelse; Levendegörelse.

lífgunar meðal [liv·gʏnarmɛ:ðal] n. Oplivelsesmiddel. **-tilraun** [-tɪl·röyn] f. Oplivelsesforsøg.

líf gæddur [liv·ɟaid·ʏr] a. begavet med Liv; levendegjort. **†-göfugur** [-gö·vʏɣʏr] a. af et hæderligt Levned. **-heldur** [li:f(h)ɛldʏr] a. *(um ís)* fuldstændig sikker (Vf.). **-himna** [-(h)ɪmna] f. Bughinde (peritonaeum). **-himnubólga** [-(h)ɪmnʏboʊl·ga] f. (med.) Bughindebetændelse (peritonitis). **-hlutur** [lif·(h)ʎʏ:dʏr, -(h)ʎʏ:tʏr] m. (jfr. *dauður* 2. b.) Fangerens Del ved Hejsning i Fugleklipper (Grímsey). **-hólpinn** [li:f(h)oʊʎbɪn, -(h)oʊlpɪn] a. levende, frelst. **-hringur** [lif·(h)riŋɣʏr] m. Livböje, Redningskrans.

-hræddur [illegible] **-hættur** [illegible] a. livsfarlig.

?**lifibrauð** [lɪ:vɪbröy:ð] n. Levebrød.

lyfja (a) [lɪv·ja] vt. med dat. og acc. helbrede: *l. manni e-ð*, helbrede en for n-t; *l. e-m elli*, (ironisk) kurere en for Alderdom, slaa en ihjel: *sú* [illegible] III. 119)

^c **lyfja ber** [lɪv·jabɛ:r] n. Pille. **-búð** [-bu:ð] f. Apotek. **-búðarsveinn** [-bu·ðaɢsvɛid·v] m. Apotekerdreng. **-dallur** [-dad·loɢ] m. Løbekar (Af.). **-efnasala** [-ɛbnasa:la] f. Materialhandel. **-efni** [-ɛb·nɪ] npl. Materialvarer, Droguer. **-fræði** [-frai:ðɪ] f. indec. Farmakologi. **-glas** [-gla:s] n. Medicinflaske. **-gras** [-gra:s] n. (bot.) alm. Vibefedt (pinguicula vulgaris). **-kistill** [-ȿɪs·dɪdλ] m. Medicinkasse. **-maður** [-ma:ðoɢ] m. Farmaceut, Apoteker. **-miði** [-mɪ:ðɪ] m. Recept. **-skrá** [-sgrau:] f. Farmakopé. **-skrína** [-sgri:na] f. Rejseapotek. **-spaði** [-sba:ðɪ] m. Spatel. **-sölumaður** [-sö·løma:ðoɢ] m. = **lyfsali.** **-vín** [-vi:n] n. medicinsk Vin, Vin, hvortil der er tilsat et Lægemiddel (vinum medicatum). **-vog** [-vo:q] f. Apotekervægt. **-vörur** [-vö:røɢ] fpl. Medicinvarer, jfr. *lyfjaefni.*

líf kaðall [lif·ka·ðadλ] m. Pligtankertov. **-kaldur** [-kaldøɢ] a. kold og skadelig for Livet, livsfarlig. **-kálfur** [-kaulvøɢ] m. **1.** Kalv, som er bestemt til at leve: *Lítill skyldi lífkálfurinn* (Málshb. 205). — **2.** = *fjör-* [illegible] *tekið til fulls úr þér galsann, ef eg að eins hefði hitt þig* (Il. II. 112). **-kend** [-ȿɛnt] f. organisk Følelse, Livsfølelse: *hafa þær verið nefndar líkamskendir eða lífkendir* (MHUpp. 30). **-kind** [-ȿɪnt] f. Faar, som om Efteraaret bestemmes til at leve. †**-kröftugur** [-kröfdoqoɢ] a. saliggørende. **-kveikja** [-kvɛi·ɟa, -kvɛi·ȿa] f. Livgiver, Biogene: *þóttust menn* [illegible] (Eimr. XVI. 79). **-kvikur** [-kvɪ·goɢ, -kvɪ·koɢ] a. mylrende af Liv, levende: *þar úir og grúir af lífkvikum límgerðum úr heslitrjám* (Eimr. IV. 217). **-lát** [illegible] **1.** [illegible] **2.** [illegible] Henrettelse. **-láta** [-lau·da, -lau·ta] vt. henrette. **-látsdómur** [-lausdoᵘ:møɢ] m. Dødsdom. **-laus** [-löys] a. **1. a.** *(án lífs)* uden Liv, livløs. — **b.** livløs, uorganisk: [illegible] (GrDýr. 1). — **2.** dødsdömt: *hafi l. sakamaður forðað lífinu* (JÁÞj. I. 666). **-legur** [-lɛqøɢ] a. **1. a.** *(fjörugur)* livlig, opvakt: *flestir verða líflegri við* [illegible] — **b.** [illegible] (ÓDavSk. 48). — **2.** levende: *eru samt hugmyndir spekingsins gamla svo snotrar og líflegar* (JHall. 336). **-leikur** [-lɛi·goɢ, -lɛi·koɢ] m. Livleg; Fingerkunst, best. i, at man sætter höjre Haands Tommelfinger og Langfinger sammen og vender Haandfladen nedad, ligeledes paa venstre Haand, men der vender Haandfladen opad; Ringfinger og Lillefinger paa venstre Haand stikkes saa ind mellem Tommelfinger og Langfinger paa höjre Haand og Pegefinger paa höjre Haand mellem Tommelfinger og Langfinger paa venstre Haand. Ringfinger og Lillefinger paa höjre Haand lægges over Pegefinger paa venstre Haand. Ogs. kaldet *setja Pílatus í dómstólinn* og *dauðs manns tak* (ÓDavSk. 164). **-leysa** [-lɛisa] f. Mangel paa Liv, Død: *sú hugsun, að l. væri það* (at det var ikke noget Liv) ... [illegible]

lýflingur (-s, -ar) [liv·lingoɢ, -iŋs, lib·l-] m. = **ljúflingur.**

líf lítill [liv·li·dɪdλ, -li·tɪdλ] a. som der kun er ringe Liv i. **-læknir** [-laihgnɪɢ] m. Livlæge.

lyflæknis fræði [lɪv·laihgnɪsfrai:ðɪ] f. indec. (med.) intern Medicin. °**-vitjun** [-vɪ:djøn, -vɪ:tjøn] f. medicinsk Klinik.

líf mikill [liv·mɪ·ɟɪdλ, -mɪ·ȿɪdλ] a. med et kraftig pulserende Liv; *hárið var lífmikið*, Haaret var levende, ɔ: kraftigt, bølgende. **-mynd** [-mɪnt] f. levende Billede, Billede, der er som det var levende.

lifna (a) [lɪb·na] vi. *(vakna til lífs)* vaagne til Livet; *(fjörgast)* leve op; *l. við*, komme til Live igen; *(verða fjörugri)* blive livligere.

lifnaðarháttur [lɪb·naðaɢ(h)auhdoɢ] m., is. pl. *-hættir*, Levemaade.

lifnaður (-ar, -ir) [lɪb·naðoɢ] m. Levned, Livsførelse: *heilagur l.*

lífoddi [li:vod·ɪ] m. Gællebro.

lifra (a) [illegible] **1.** stoppe med Lever: *verða hausana og l. þá* (Slng I. 289). — **2.** refl. *lifrast*, størknes. — **3.** pp. *lifraður:* **a.** udstoppet med Lever: *l. kútmagi.* — **b.** *lifrað blóð*, størknet Blod.

lifrar blaðka [lɪv·rarblaþ·ga, -blað·ka] f. Leverlap. **-blaðra** [-blað·ra] f. Levercelle. **-bólga** [-boᵘl·ga] f. (med.) Leverbetændelse (hepatitis). **-broddur** [-brod:oɢ] m. Spidsen af Leveren; ogs. Smule Lever (Hf.). **-bræðsla** [-braið·sla] f. Trankogeri; Trankogning. **-drep** [-drɛ:p] n. Leverbrand. **-fat** [-ɢ-fa:t] n. **a.** Levertønde. — **b.** Tønde med Lever. **-góður** [-r-goᵘ:ðoɢ] a. med god Lever: *l. fiskur.* **-ikta** [-ɪχ·da] f. (med.) Leverikte, Leverflynder (distomum hepaticum). **-iktusýki** [-ɪχdøsi:ɟɪ, -si:ȿɪ] f. indec. (med.) Distomatose. **-jurt** [-jʏɢ·t] f. = **mýrasóley.** **-kassi** [-ɢ-kas:ɪ] m. Rum el. Kasse til Opbevaring af Lever (spec. paa Fiskeskibe). **-kaup** [-köy:p] n(pl). Køb af Lever (spec. Fiskelever): (Ordspr.) *loðið er lifrarkaup* (GJ.), Leverkøb er risikabelt (fordi der ofte er saa meget Vand i Leveren el. lign.). **-kæfa** [-ȿai:va] f. Leverpostej. **-magi** [-r-mai:jɪ] m. (jfr. *kútmagi)* Torskemave, stoppet med Lever. **-netja** [-nɛ:dja, -nɛ:tja] f. Leverhinde. **-ormaveiki** [-ormavɛi:ɟɪ, -vɛi:ȿɪ] f. indec. = **lifrariktusýki.** **-pylsa** [-ɢ-pɪl·sa] f. Leverpølse. **-port** [-poɢ·t] n. (anat.) Leverport. **-skorpnun** [-sgoɢ·bnøn] f. (med.) Indskrumpning af Leveren (cirrhosis hepatis). **-staður** [-sda:ðoɢ] m. Leverregionen. **-stemma** [-sdɛm:a] f. = **lifrarteppa.** **-sullur** [-sʏd·loɢ] m. Leverekkinokok (echinococcus hepatis). **-teppa** [-tɛhba] f. Retention af Galden (LFR. XV. 196). **-veiki** [-r-vɛi:ɟɪ, -vɛi:ȿɪ] f. indec. Leversygdom. **-veikur** [-vɛi:goɢ, -vɛi:koɢ] a. leversyg. **-æð** [illegible]

lifrauður [illegible]

*****lifri (-a, -ar)** [lɪv·rɪ] m. **1.** *(bróðir)* Broder. — **2.** Hjalte paa en Kniv *(hlýri): fiður, stikill, l., lauf* (JÁGát. 55).

líf róður [liv·roᵘ·ðoɢ] m. stærk Roning: *róa l.*, ro paa Livet løs, ro som om det gjaldt Livet. **-rænn** [-raidv] a. organisk: *lífrænt efni*, organisk Stof. **-röðull** [-rö·ðødλ] m. Livets Sol.

lífsábyrgð [lif·saubɪr(q)ð] f. Livsforsikring.

lífsábyrgðar fjelag [lif·saubɪrðaɢfjɛ:laq] n. Livsforsikringsselskab. **-skírteini** [-sɟiɢ·tɛinɪ] n. Livsforsikringspolice. **-stofnun** [-sdob·nøn] f. Livsforsikringsanstalt: *l. ríkisins*, Statsanstalten for Livsforsikring. **-upphæð** [-r-ʏhp(h)aið] f. Forsikringssum.

lífsafkvæmi [lif·safkvai·mɪ] n. Livsfrugt, Afkom.

lyf sala [lɪf·sa·la] f. Udsalg af Medicin. **-sali (-a, -ar)** [-sa·lɪ] m. Apoteker.

lífs andi [lif·sandɪ] m. **1.** *(andi lífsins)* Livets Aand. — **2.** *(andardráttur)* Aande, Aandedræt: *alt sem lífsanda dregur.* **-barátta** [-ba·rauhda] f., **-bardagi** [-bardaijɪ] m. Livskamp, Livets Kamp. **-björg** [-björk] f. Livsredning; *(matvæli)* Midler til Livsophold (is. Føde). **-bók** [-boᵘ·k] f. Livsens Bog. **-dagar** [-da·qaɢ] mpl. = **lífdagar.** **-drykkur** [-drɪhgøɢ] m. Livsdrik, Drik, som giver Livet. **-dægur** [-dai·qoɢ] npl. = **lífdagar.**

lyfseðill [lɪf·sɛ·ðɪdλ] m. Recept.

lífs eðlisfræði [lif·sɛðlɪsfrai:ðɪ] f. indec. = **lífeðlisfræði.** **-efni** [-ɛbnɪ] n. organisk Stof.

líf seigja (-u) [lif·sɛi·ja] f. Sejlivethed. **-seigur** [-sɛi·qoɢ] a. sejlivet.

lífs endi [lif·sɛndɪ] m. Livets Ende. **-fangi** [-fauŋɟɪ] m. Fange paa Livstid. **-feginn** [-fɛi·jɪn] a. levende glad. **-festa** [-fɛsda] f. Fæste paa Livstid, Livsfæste. **-framdráttur** [-framdrauhdoɢ] m. Livets Underhold. **-frymi** [-frɪ·mɪ] n. Protoplasma (ÁBjSál. § 41). **-fræði** [-frai·ðɪ] f. indec. = **líffræði.** **-frömuður** [-frö·moðoɢ] m. Livsbefordrer. **-fæddur** [-faid·oɢ] a. i Udtr. *á minni lífsfæddri æfi*, i mine livfødte (livskabte) Dage: *það yndislegasta guðsorð, sem eg hefði nokkurn tíma á minni lífsfæddri æfi heyrt* (EKvOf. 91). **-föng** [-föyŋk] npl. Midler til Livets Ophold. **-gervi** [-ɟɛrvɪ] n. Livsskikkelse, Skikkelse, som faar Liv (GFrÚh. 111). **-gildi** [-ɟɪldɪ] n. Livsværdi. °**-gjarna** [-ɟa(r)dna] adv. meget gærne. **-glaumur** [-glöy·møɢ] m. Livsglæde, Livsnydelse. **-gleði** [-glɛ·ðɪ] f. indec. Livsglæde. **-glæðilegur** [-glaiðɪlɛ:qoɢ] a. oplivende: *vonin, veik að vísu, en þó lífsglæðileg og fögur* (ÞGjUf. 97). **-glæðing** [-glai·ðiŋk] f. Livets Vækkelse. °**-greining** [-grɛi·niŋk] f. Differentation (Gjall. '11, 25). **-gæsla** [-ɟaisla] f. det at agte paa sit Levned el. Opførsel. **-hagsmunir** [-(h)aχsmʏnɪɢ] mpl. Livsinteresse. **-háski** [-(h)ausɟɪ] m. Livsfare. **-háttur** [-(h)auhdoɢ] m., is. i pl. *-hættir*, Levemaade, Levevis, Levned. **-heild** [-(h)ɛilt] f. Livshelhed. **-hjálp** [-ȿauλp, -ȿaulp] f. Hjælp til Livet, Redning fra Livsfare: *veita e-m l.*, redde ens Liv. **-hlýr** [-(h)λi·r] a. livsvarmende. *****-hríðar** [-(h)ɹi·ðaɢ] fpl. Livets Storme. **-hræring** [-(h)ɹai·riŋk] f. Livsbevægelse; Livstegn; Livsytring, autonom Bevægelse (ÁBjSál. § 70). **-hætta** [-(h)aihda] f. Livsfare.

lífsýki [lif·si·ɟɪ, -si·ȿɪ] f. indec. Kolerine (cholera nostras).

lífs kálfur [lif·skaulvoɢ] m. = **lífkálfur.** **-kelda** [-ȿɛlda] f. Livskilde. **-kend** [-ȿɛnt] f. Vitalfornemmelse (ÁBjSál. § 45). **-kjör** [-ȿö·r] npl. Livskaar, Livsstilling. **-kveiking** [-kvɛi·ɟiŋk, -kvɛi·ȿ-] f. Livsvækkelse: *(endurlífgun)* Genoplivelse. **-kviknun** [-kvɪhgnøn]. f. Selvavling (generatio aequivoca).

lífskæður [lif·sɟai·ðoɢ] a. livsfarlig.

lífs leiði [lif·slɛi·ðɪ] m., **-leiðindi** [-lɛi·ðɪndɪ] npl. Livslede. **-leiðing** [-lɛi·ðiŋk] f. **1.** *(lífsleiði)* Livslede. — **2.** *(tilhögun lífs)* Livets Førelse. **-litur** [-lɪ·doɢ, -lɪ·toɢ] m. levende Farve: *Jafnvel skýin voru með lífslitum* (GFrÁtt. 16). **-loft** [-loft] n. Livsluft; *(súrefni)* Ilt. **-magn** [-magv] n. Livskraft, Vitalitet. **-mark** [-maɢk] n. Livstegn: *það var ekkert l. með honum*, han gav intet Livstegn fra sig; *Ekkert l.* (Tegn paa Liv) *sást, annað en einn og einn snjótitlingur* (GFrSex 81). **-merki** [-mɛɢɟɪ] n. Livstegn, Livsytring: *lægstu l.*, Livets laveste Ytringer. **-nám** [-nau·m] n. Livsstudium. **-nauðsyn** [-nöyðsɪn] f. **1.** i pl. Livsfornødenheder: *korn, timbur og aðrar lífsnauðsynjar.* — **2.** yderste Nødvendighed, bydende Nødvendighed: *grípa til e-s f l.;* — *e-m er l. á e-u*, en trænger i höjeste Grad til n-t, det er en Livet om at göre at faa n-t. **-nauðsynlegur** [-nöyðsɪnlɛ:qoɢ] a. livsnødvendig, bydende nødvendig: *þau* (ɔ: *fyrirmyndarbú) er oss lífsnauðsynlegt að fá hvort sem er* (Eimr. X. 148). **-nautn** [-nöyhtv] f. Livsnydelse. **-næðingur** [-nai·ðiŋgoɢ] m. Livets Storm. **-orka** [-oɢga] f. vital Energi (ÁBjSál. § 31).

lífspell [lif·sbɛdλ] npl. (egl. Skade, Ødelæggelse af Livet) dødbringende Tegn: *hafði hann rist mörg l. á samanlagt spjald, til að fyrirkoma honum* (Il. II. 144).

lífs rás [lif·srau·s] f. Livsproces. **-raun** [-röy·n] f. Livsfare; — pl. *-raunir*, Livsfarer; *(raunir lífsins)* Livets Prøvelser. **-regla** [-rɛgla] f. Leveregel. **-reynd** [-rrint] f., **-reynsla** [-rɛinsla] f. Livserfaring. **-saga** [-f-·sa·qa] f. Levned, Levnedsbeskrivelse, Biografi. **-sál** [-sau·l] f. anima vegetativa (ÁBjSál. § 9). **-sekur** [-sɛ·goɢ, -sɛ·koɢ] a. som har forbrudt Livet. **-skilyrði** [-sɟɪ·lɪrðɪ] n., **-skilmáli** [-sɟɪlmaulɪ] m. Livsbetingelse. **-skoðun** [-sgo·ðøn] f. Livsanskuelse. **-sól** [-soᵘ·l] f. Livets Sol. **-speki** [-sbɛ·ɟɪ, -sbɛ·ȿɪ] f. indec. Livsvisdom, Livsfilosofi. **-staða** [-sda·ða] f. Livsstilling. **-starfsemi** [-sdarfsɛmɪ, -sdaɢsɛmɪ] f. indec. Livsvirksomhed.

lyfstautur [lɪf·sdöy·doɢ, -sdöy·toɢ] m. (med.) Bacille (bacillula).

lífs stefna [lif·sdɛbna] f. Livsretning. **-strit** [-sdrɪ·t] n. Kampen for Livet el. Tilværelsen. **-stundir** [-sdʏndɪɢ] fpl. Livstid.

lífsteinn [lif·sdɛidv] m., **lyfsteinn** [lɪf·sdɛidv] m. Livsten el. Medicinsten; i ældre isl. Folketro en Sten, hvis Afskrab der tillagdes en overnaturlig Kraft til at læge Saar (jfr. ogs. JÁÞj. I. 653).

líf sterkur [lif·sdɛɢgoɢ] a. = **lífseigur.** **-stykki** [-sdɪhɟɪ] n. Snörliv, Korset.

lífstími [lif·sti mı] m. Levealder; (æfı) Livstid

lífstreymi (-is) [lıf·sdrɛi mı] n. (= orkustreymı, manngeıslı) Kraft, der udsendes fra den enkelte: *En líkır eða samskonar kraftar . . . er senda l. frá hugum manna, virðast einnig hljóta að vera í sálunni* (HermJDulr. 53).

lífs trje [lif·strjɛ·] n. Livsens Træ, Livets Træ. **-uppeldi** [-ʏhbɛldı] n. Forsörgelse. **-uppruni** [-ʏhbrʏnı] m. Livets Ophav. **-útbúnaður** [-u·t-bunaðoo̜] m. Livsudrustning: *Þar* (ɔ: i Zoologisk Museum) *voru líka margar þjóðır, með allan sınn lífsútbúnað til sýnis* (EÓlI f. 65). **-vana** [-va·na] a. indec. uden Liv. **-vanur** [-va·noo̜] a. død, afsjælet.

lyfsveinn [lıf·sveidv] m. farmaceutisk Lærling.

lífs vera [lıf svɛ ra] f. Organisme (3. Ið. IV. 306). **-verkun** [-vɛggon] f. Livsfunktion. **-von** [-vo n] f. Livshaab. **-vottorð** [-vohdorð] n. Leveattest.

líf sæld [lif sailt] f. Livslykke. **-sæll** [-saidl] a. livsalig.

lyfsölu búð [lıf sölobu:ð] f. Apotek. **-maður** [-ma.ðoo̜] m. Apoteker. **-skrá** [-sgrau:] f. Medicinaltakst.

lift [lif·t] an. muligt at leve: *e-m er ekki l.*, en er uden Redning; *honum er þar ekki l.*, han kan ikke leve der; *hjer er ekki l.* (her er ikke til at være) *fyrir svælu*.

1. **lyfta (-u, -ur)** [lıf·da] f. Elevator.

2. **lyfta (i)** [lıf da] vt. med dat. 1. løfte, hæve: *l. þungri byrði*, *l. höndum til himins*; *l. e-u sjer um megn*, forløfte sig paa n-t; *l. brúnum*, (egl. trække Øjenbrynene op) vise et glad Ansigt; *l. sjer (um deig)*, hæve sig, raske sig (om Dejg); *l. sjer upp*, løfte sig op. — overf. *(skemta sjer)* rekreere sig, göre en Udflugt for sin Fornöjelses Skyld; *l. undir e-ð*, lette under n-t, sætte Hænderne under n-t for at løfte det op; *l. e-u á e-n*, løfte n-t op paa ens Ryg. — 2. impers.: *lyftir undir e-ð*, n-t løftes op.

°**lyftari (-a, -ar)** [lıf darı] m. = 1. **lyfta.**

líftekinn [lif tɛ gın, -tɛ kır] a. hentet ud af Livet.

°**lyfti (-is, pl. ds.)** [lıf·dı] n. 1. *(gas)* Gas. — 2. Sal, Stokværk *(= loft)*: *fyrsta lyfti*, förste Sal.

lyfti ás [lıf dıau:s] m. Hejsebom. **-band** [-ban t] n. Suspensorium. **-bogi** [-boi:jı] m. Stræbebue. **-brú** [-bru:] f. Løftebro. **-duft** [-dʏf·t] n. Gærpulver. °**-dæla** [-dai:la] f. Løftepumpe.

líf tigill, -tygill [lif·ti·jıdl] m. Rem, hvormed en Fiskers Skindbukser trækkes sammen omkring Livet (LFR. IX. 20).

°**lyfti hnje** [lıf·dıhvıɛ:] n. Kranbjælke. **-járn** [-jaur·dv, -jaud·v] n. Løftejærn.

lyfting (-ar, -ar) [lıf·diŋk] f. 1. a. Løftelse, Opløftelse, Hævelse: *l. handa til himins*, Hændernes Opløftelse; *l. byrðar*, Løften af en Byrde; — pl. *lyftingar*, Vægtløftning; *l. deigs*, Hævelse, Raskning af Dejg. — b. overf. Løftelse, Hæven: *l. andans*; (mat.) *l. í annað veldi*, Opløftning i anden Potens. — 2. (naut.) a. i ældre Sosprog en Forhøjning, Dæk i Skibets Agterstavn, »Løfting«. — °b. = *farrými*, Kahyt, Plads: *farbrjef á 1. lyftingu.* — °c. Kommandobro. — 3. a. Etage, Stokværk: *hús með níu lyftingum* (Skuld '78, 170). †b. *húsþak*

lyftingar efni [lıf·diŋgarɛb·nı] n. Hævningsmiddel. **-stöng** [-o̜-sdöyŋ·k] f. Løftestang.

°**lyftinn** [lıf·dın] a. flygtig, luftformig.

lyftir (-is, -ar) [lıf dıo̜] m., **lyftistóll** [lıf dısdo ːdl] m. Elevator.

lyfti skrúfa [lıf dısgru:va] f. Løfteskrue. **-stöng** [-sdöyŋk] f. Løftestang. **-tól** [-toᵘ:l] n. Løfteapparat. **-tæki** [-tai:gı, -tai:ɟı] n. Løfteapparat. **-vinda** [-vın·da] f. Kran. **-vjel** [-vjɛ:l] f. a. *(lyftir)* Elevator. — b. *(fyrir þunga hluti)* Hejseværk, Løftemaskine, Løfteværk.

líftjón [lif tjo n] n. Tab af Livet, Død: *verða e-m að líftjóni*, foraarsage ens Død.

°**lyftni** [lıf·dnı] f. indec. Flygtighed.

líf tóra [lif·to ra] f. Smule Liv: *nærri búinn að berja úr honum líftóruna* (Eimr. II 181). **-trygging** [-trıɟıŋk] f. Livsforsikring. **-tryggja** [-trıɟ·a] vt. forsikre: *l. sig*, forsikre sit Liv.

lifur (lifrar, lifrar) [lı:voo̜, lıv·rao̜] f. 1. Lever: *l. í manni, dýri*; — *steikt l.* — 2. *lifrarpylsa.* — 3. *(blóðlitur)* storknet Blod.

líf·vana [liv:a·na] a. indec. livløs. **-varðarsveit** [-v:arðao̜svɛi:t] f. Livvagt, Gardekorps. **-vænlegur** [-v:ainlɛ·qoo̜] a. 1. som giver Udsigt til Livsophold, tilstrækkelig til Livets Ophold: *l. atvinnuvegur.* — 2. som ser ud til at ville beholde Livet, slippe med Livet: *mjer sýnist hann alt annað en l.* **-vænn** [-v:aidv] a. 1. med Haab om Liv, helbredelig: *e-r er l.*, *e-m er lífvænt.* — 2. *það er lífvænt við e-ð*, man kan forsörge sig med n-t: *en að vorinu greri svo upp (eftir sandfokið), að kallað var lífvænt við* (ÞThFerð. II. 233). **-vörður** [-v:örðoo̜] m. Livvagt. **-æð** [li:vaið] f. 1. *(á úlnlið)* Pulsaare. — 2. *(slagæð)* Arterie.

lífæða blóð [li:vaiðabloᵘ:ð] n. Arterieblod. **-hnútur** [-hvu:doo̜, -hvu:too̜] m. Aareknude (aneurisma). **-sláttur** [-slauhdoo̜] m. Pulsation.

lífögn [li:vögv] f. 1. *(ögn af lífi)* en Smule Liv. — °2. *(gerill)* Bakterie.

lýg [li:q] 1. p. sg. præs. ind. af **ljúga.**

lyga barð [lı:qabar·ð] n. Tyggemusklens, bageste, tynde Parti, se *þorskhaus.* **-buldur** [-bʏl·doo̜] n. Løgnskvalder. **-flækja** [-flai:ɟa, -flai:ɟa] f. Væv af Løgn. **-froða** [-fro:ða] f. Skum, som naar Fløden skilles fra, danner sig paa den skummede Mælk ved at den løber ned i Spanden. **-hylki** [-hıl·ɟı, -hıl·ɟı] n. Ærkeløgner. **-kristur** [-krıs·doo̜] m. Antikrist. **-laupur** [-löy:boo̜, -löy:poo̜] m., **-mörður** [-mor ðoo̜] m. Løgnhals.

lygari (-a, -ar) [lı:qarı] m. Løgner.

lyga saga [lı:qasa:qa] f. opdigtet, usand Fortælling, Røverhistorie. **-slúður** [-slu:ðoo̜] n. løgnagtig Sladder. **-slæða** [-slai:ða] f. Løgnens Slør. **-tól** [-toᵘ:l] n. = **lygalaupur.** **-þvættingur** [-þvaihdiŋgoo̜] m. løgnagtig Sladder.

*lygð (-ar)** [lıq·ð, lıg þ] f. = *lygi*, Løgn, sj. i Prosa undt. i Forb. *mesta l.*, en Ærkeløgn, dundrende Løgn; (Ordspr.) *oft er l. í lofi* (GJ.), i Lov og Pris er der ofte Løgn; *vjer eigum nóg af deyfð og leti-l.* (Hafst. 181).

liggind (-ar, -ir) [lıɟ:ınt] f. (Af.), **liggindi** [lıɟ:ındı] npl. (Af.) = **liggjandi.**

liggja (ligg; lá, lágum; lægi; legið) [lıɟ·a: lık, lau:, lau(q)om: lai:jı; lɛi:jıð] vi. og vt. l i g g e.

A. I. 1. a. i Alm. ligge: *bókin liggur á borðinu*, Bogen ligger paa Bordet; (Ordspr.) *sjaldan liggjandi úlfur sjer lær of getur*, *nje sofandi maður sigur*, sjælden fanger liggende Ulv Laar eller sovende Mand Sejr; *l. á grúfu*, ligge næsegrus; *l. undir e-m*, ligge under en; *augað lá úti (á kinninni)*, Øjet laa ude paa Kinden. — b. ligge falden, ligge udstrakt paa Jorden: *jeg gaf dónanum á kjaftinn, svo hann lá*; — *l. á e-u bragði*, falde paa et el. andet Brydekneb; *l. undir*, bukke under. — 2. ligge, hvile i en Seng el. lign. a. sove: *„Þau verða að l. eins og þau hafa um sig búið“*, de maa ligge som de har redt (Eimr. IX. 66); *l. á fótum e-s*, sove i Fodenden af samme Seng som en: *lá þessi stúlka á fótum hennar* (JStgr. 9); *l. undir barni*, passe et Barn om Natten, ligge med et Barn; *l. við e-ð*, benytte i Sengen: *l. við sömu rúmfötin*, benytte de samme Sengeklæder; *hvað er það sem J. Á. hefir á bláa pelanum, sem hann liggur við á nóttunni* (Ing. '11, 163); *l. við tjald*, sove i Telt: *þá lágu hinir efnaðri bændur þar við tjöld* (ÞThLfr. III. 78—79). — b. om Sygdom, abs.: *l. rúmfastur*, *l. í rúminu*, holde Sengen paa Grund af Sygdom; *l. veikur*, ligge syg; *hún liggur alt af*, hun er stadig syg, maa stadig holde Sengen; *l. á sæng (†á gólfi)*, [1]) være i Barselseng; [2]) Börneleg, best. i, at en klemmer Lillefingeren paa en anden, og spörger ham *„Hvað sagði hún móðir þín, þegar hún átti þig?“ „Hún sagði p“ „Sagði hún það“* siger den anden og trykker fastere, hvorved den, der pines, skal bringes til at svare æ (av) (ÓDav. Sk. 182—83); *l. í e-ri veiki*, ligge syg af en el. anden Sygdom; *l. í lungnabólgu*, ligge syg af Lungebetændelse; *l. í sárum*, ligge af Saar. — c. vt. *l. konu*, besove en Kvinde; *legin kona*, beligget Kvinde; — vi. *l. hjá* (el. *með*) *konu (manni)*, have Kønslig Omgang med en Kvinde (Mand). — 3. om Fugle o. l.: *l. á (um fugla)*, ruge; *l. eins og ormur á gulli*, ligge som en Slange paa Guld, ruge over sine Skatte, være utilböjelig til at udlevere n-t, man sætter Pris paa (jfr. B.); *l. fugl á*, blive liggende indtil Fuglen har sat sig paa Æggene i Reden. — 4. *l. á e-u*, kunne rummes i n-t: *Skjalda liggur ekki á fötunni*, den Mælk, S. yder, kan ikke rummes i Spanden (Árn.); *l. í e-u*, [1]) dumpe, plumpe ned i n-t, ogs. abs. *l. f: hesturinn lenti í sandbleytu og lá* (JÁÞ. I. 413), *Samstaðar lágu trippin í* (AxThBD. 118); ogs. impers. *það lá í keldunni*; [2]) ligge trykket ned i n-t, trykke n-t: *né liggi (klifberinn) í herðum hesta* (LFR. VIII. 61); *l. niðri í*, (om Heste) hænge fast i Dynd, el. være faldet ned i en Isvaage (MelBr. 25); *l. í kafi*, synke dybt ned. — 5. *(vera grafinn)* ligge, hvile, være begravet. — 6. a. ligge stille, opholde sig et Steds: *l. frá*, opholde sig ved Høhøst borte fra Gaarden (og overnatte i et Telt); *l. inni*, forblive hjemme: *fátækir barnamenn, sem inni lágu* (ÞThÁrf. 63); *l. fyrir e-m*, lægge sig el. ligge i Baghold for en: *Eg lá fyrir tóu um nótt að vetrarlagi* (JóhSBHr. 19); *l. úti*, [1]) ligge ude, opholde sig i det fri, overnatte i det fri, ligge under aaben Himmel; [2]) leve som Røver: *l. úti á fjöllum*, jfr. *útilegumaður*; — *l. við*, [1]) *l. við e-s staðar*, ligge el. opholde sig et Steds, spec. for at fiske, holde til, bo et Steds: *lá við í sjóbúð einni, sem fleiri lágu við* (JÁÞj. I. 141); *l. við til fuglaveiða*, opholde sig et Steds for Fuglefangst: *þegar eigi er veiðiveður, en legið er við til fuglaveiða* (Stj. '95, B. 130); *l. við gren*, lægge sig paa Lur ved en Rævehule: *Hve lengi var legið við gren* (Stj. '95, B. 112); [2]) = *l. frá*: *fólkið lá við niðri á engjum.* — b. om Skibe: *„Gullfoss“ liggur á höfninni*, G. ligger i Havn, ude paa Havnen; *l. við akkeri*, ligge for Anker; *l. til byrjar*, vente paa Bør; *l. til hafs*, ligge for Anker og vente paa, at man kan sejle; *l. veðurfastur* (el. *-teptur)*, ligge stille paa Grund af Uvejr. — 7. tynge: *straumurinn liggur þungt á*, Strömmen er tung; *hesturinn liggur í taumnum*, Hesten ligger (tynger) i Töjlen (Tömmen). — †II. = *vera lagður*, være tillagt (af Is): *fjörðurinn liggur.* — III. l i g g e s t i l l e, u v i r k s o m, u i n d b r i n g e n d e, l e d i g, l i g g e h e n osv.: 1. i Alm. (Ordspr.) *l. með letinni eins og skata á grunni* (Málshb. 136), ligge fast hos Dorskheden som en Rokke ved Havbunden; *hann liggur eins og lús með saumi*, han ligger som en Lus ved en Fold; *ónýt er liggjandi list* (SchMál.), den Kunst, man ikke udøver, har man ingen Gavn af; *l. flatt (um hey)*, ligge spredt (om Hø) (uden at være stakket); *l. óslegið*, ligge uslaaet hen; *l. kyr*, [1]) ligge stille, forholde sig rolig, ikke röre sig: *ligðu kyr, strákur!* [2]) ligge stille, urört: *oft má satt kyrt l.*, Sandheden bör ofte hvile; *láta e-ð l.*, lade n-t ligge, være urört; *láta e-ð l. á milli hluta*, lade n-t staa ved sit Værd; *l. í dái*, (om Dyr) ligge i Dvale; *(um mál)* ligge hen, ligge uomtalt (om en Sag); *l. niðri*, [1]) ligge nede, ikke omtales: *það mál er best að láta l. niðri*; [2]) hvile: *vinnan liggur niðri*, Arbejdet hviler; [3]) forholde sig rolig: *Strokkur, sem þá lá niðri* (ÞThFerð. I. 205); *l. laus fyrir*, [1]) ligge løs, være let at faa fat i: *ágæt byggingarefni l. laus fyrir uppi í fjalli*; [2]) være let at behandle: *þetta yrkisefni liggur alveg laust fyrir*; — *l. á lausu*, være for Haanden. — 2. *láta hlut sinn l.*, ikke bryde sig om at holde paa n-t, der tilhører en, ikke gennemføre el. fastholde n-t: *lét sjaldan hlut sinn l.*, tog i Reglen kraftig fat for at fastholde sin Sag (JÁÞj. II. 133). — IV. om Beliggenhed og Retning: l i g g e, v æ r e b e l i g g e n d e: 1. om Land, Strækning, Vej o. l.: *Ísland liggur langt úti í hafi*; — *fóru þeir eins og leið liggur*, de fulgte Vejen; *l. að e-m stað*, ligge op til et Sted, grænse op til; *hvaða lönd l. að Þýskalandi?*; *vegur liggur yfir* (over, hen over) *heiðina*; — *l. saman*, ligge sammen, grænse op ad hinanden: *jarðirnar lágu saman*; — *í náttmyrkri, þegar saman lá* (gik ud i eet) *loft og láð* (ÞGjD. 79); *liggur gata til*

bergnum, en Sti førte hen til Gaarden [illegible] *leið þeirra lá um stóran skóg*, deres Vej gik gennem en stor Skov; *l. vel við e-u*, ligge godt for n-t: *stórt sverð* [illegible] *liggur* [illegible] *við* [illegible] (Logr. '15, 138); *l. við e-ð*, (om en By, Gaard el. desl.) ligge ved, være beliggende ved n-t: *Akureyri liggur við Eyjafjörð*, A. er beliggende ved *Eyjafjörður* (jfr. *standa* om enkelte Bygninger). — **2.** om Legemets Dele: ***augun lágu djúpt***, Øjnene laa dybt i Hovedet; ***e-m liggur hátt (lágt) rómur***, en har en höj (dyb) Stemme; ***Sv. Sölvasyni lá drjúgt rómrinn***, der laa Selvbevidsthed i hans Stemme (Esp. X. 33),. — **3.** om Retning (ogs. overf.) vende: (naut.) ***láta (skip) l. inn um (út um)***, lade et Skib drive med Forstavnen vendt ind mod Land (vendt fra Land); ***l. að (um ljá í orfi)***, vende nedad; ***l. frá***, vende opad (om en Le i Skaft). *það liggur svo eða svo í e-u* (jfr. B.), Fibrer, Aarer el. desl. i noget har den el. den Retning: *Gangarnir eru oft harðari en bergið í kring, það liggur öðruvísi í þeim* (ÞThLýs. I. 62); *það liggur illa í krítuskaftinu*; — ***l. vel, illa fyrir (skoti)***, ligge, vende godt, daarlig for et Skud: *hann* (ɔ: *selurinn*) *lá svo illa fyrir, að það varð að skjóta framan á hann* (SIng. I. 199).

